

Mál nr. 242/2016**M og
vátryggingafélagið V vegna farmtryggingar X.****Ágreiningur um ryðskemmdir á borvagni í flutningi 11. – 16. mars 2016.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 8.8.2016

Bréf V, dags. 5.9.2016, ásamt myndum og skoðunarskýrslu.

Bréf M, dags. 8.9.2016, ásamt myndum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram M lét flytja fyrir sig borvagn með skipi frá Rotterdam til Reykjavíkur í mars sl. Í vátryggingarskírteini vegna farmtryggingar X kemur fram að umræddur borvagn sé sérstaklega vátryggður og um farmtrygginguna gildi vátryggingarskilmálar fyrir flutningstryggingu (A).

M telur að það hafi orðið tjón á borvagninum í flutningnum þar sem greinilega sjáist að ryðskemmdir séu á tjökkum og öðrum búnaði hans. Umræddur borvagn hafi verið keyptur nýr og ónotaður frá viðurkenndum framleiðanda og séu því allar líkur á því að ryðskemmdir hafi komið til vegna þess að saltvatn hafi komist að tækinu í sjóflutningnum. Tækið hafi verið tryggt í þeim flutningi og greiðsluskylda V því fyrir hendi.

V telur að umræddur vagn hafi verið fluttur „neðan dekks á fleti“ í skipi X og sé því ólíklegt að sjór eða saltvatn hafi komist að tækjum hans. Einnig vísar V til þess að í sérstakri skoðunarskýrslu komi fram að við skoðun 21. mars 2016 hafi ekki fundist nein ummerki saltvatns eða sjávar á vagninum. V telur ekki sýnt að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess ryðs sem fannst við skoðun á borvagninum, annars vegar að það sé ekki sannað að í því felist tjón og hins vegar að það sé ekki sannað að það hafi komið til við flutninginn. Ekki hafi verið lögð fram gögn um ástand borvagnsins fyrir flutninginn eða sönnun um tjóns yfirhöfuð.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum er gildissvið farmtryggingarinnar skilgreint í gr. 1.1. Þar kemur fram að vátryggingin „bætir allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þó með þeim undantekningum sem segir í 2., 3., 4. og 5.gr. (grein) hér að neðan.“ Orðalagið „allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða“ verður ekki skilið öðruvísi en að vátryggður þurfi að sýna fram á annað hvort tap eða skemmdir til þess að fallist sé á bótaskyldu úr vátryggingunni. Í þessu máli er ljóst af sérstakri skoðunarskýrslu að ryð var á búnaði borvagns M þegar hann var skoðaður um fimm dögum eftir að hann kom til landsins með skipi. Ummæli M um í hvaða ástandi borvagninn var keyptur hafa ekki verið rengd og verður lagt til grundvallar að hann ástand hans hafi verið þannig þegar hann var sendur af stað að ekki hafi verið á honum ryð. Verður að túlka orðalag vátryggingarskilmála með þeim hætti að orðið skemmdir verði ekki túlkað öðruvísi en að það taki til ryðsins. Ekki verður því litið framhjá því að gildissvið vátryggingarskilmála sé uppfyllt að því leyti, en engar undantekningar á bótaskyldu eiga við skv. 2.-5. gr. skilmálanna. Nefndin tekur ekki afstöðu til ágreinings um bótafjárhæð nema að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Slíkt liggur ekki fyrir og er því einungis fjallað um bótaskyldu en ekki um mögulega bótafjárhæð.

Niðurstaða.

Gildissvið vátryggingarskilmála um skemmdir á borvagni M er uppfyllt vegna farmtryggingar hjá V.

Reykjavík, 4. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.